

SKÝRINGAR.

SÖKKLAR, VEGGIR, PLÖTUR.

Allt lífrænt efni skal fjárlægt og síðan grafið niður á burðarhæfan botn. Fyllingarefni innan í og umhverfis sökkla skal vera frostfritt efni og þjappað í mest 300 mm lögum og bleytt. Dýpt sökkla má vera 800-1200 mm. Þar sem sökklar standa á kiöpp, má hæð sökkla vera 300 mm, og skal tekið tillit til frárennslis og regnvatnslagna. Fyllingarefni og þjöppun skal uppfylla kröfum ÍST 15. Jámbending sökkla, sjá sniörmyndir. Verði hæð sökkla meiri en 1000 mm skal setja járngrind í miðju sökkla K10 cc 300 mm #, nema annað sé tekið fram á teikningum.

Áður en fyllt er að sökkjum skal höggva tengijám 15 mm inn í steypu og holufylla með múrböndu.

Allar málsetningar eru í mm.

Hæðarkótar eru gefnir upp í metrum og á fullfrágengin gólf.

Mesta reiknað álag frá sökkjum er 0,05 MN/m². (0,53kg/cm²)

Álagsforsendur:

Notálag: 1,50 kN/m².

Notálag svalir: 2,00 kN/m².

Línulág svalir: 1,00 kN/m.

Innveggir, eigin þyngd: 0,10 kN/m².

Milligólf, eigin þyngd: 6,00 kN/m². (steypit)

Þak, eigin þyngd: 0,60 kN/m².

Útveggir, eigin þyngd: 6,00 kN/m². (steypit)

Snjóálag: 1,00 kN/m².

Steinsteypa, eigin þyngd: 25,00 kN/m³.

Vindálag samkvæmt ÍST 12,3 / DS410.

U-gildi einangrunar (W/m²K) Ti > =18°C.

Einangrunarþykkt undir botnplötu: 100 mm (polystyren 25 kg/m³ eða steinull, grunnplata).

Einangrunarþykkt uppmeð sökkjum: 100 mm (polystyren 25 kg/m³ eða steinull, grunnplata).

Einangrun útveggja: 100 mm. (polystyren eða steinull).

Einangrun þaks á steipta píötu: 200 mm þakull eða polystyren.

Sjá enn fremur skýringar á bygginganefndarteikningu.

Inntak fyrir fjarskiptalagnir, sjá raflagnateikningar.

Jarðskaut, sjá raflagnateikningar.

Inntök fyrir heitt og kalt vatn, sjá bygginganefndarteikningar.

Steypustyrktarstál merkt K er kambstál KS40 með skriðmörk 4000 N/mm².

Steypustyrktarstál merkt S er suðuhæft stál KS40S með skriðmörk 4000 N/mm².

Steypustyrktarstál merkt R er slétt stál með skriðmörk 2400 N/mm².

Lárétt skeytilengd K10 í veggjum, efnir járn í bitum og plötum skal vera: 730mm.

Lóðrétt skeytilengd K10 í veggjum og súlum, neðri járn í bitum og plötum skal vera: 510mm.

Lárétt skeytilengd K12 í veggjum, efnir járn í bitum og plötum skal vera: 870mm.

Lóðrétt skeytilengd K12 í veggjum og súlum, neðri járn í bitum og plötum skal vera: 610mm.

Jámbending botnplötu skal vera: K10 cc 250 mm #. (nema annað sé tekið fram á teikningu)

Lárétt jámbending útveggja: K10 cc 250 mm #. (nema annað sé tekið fram á teikningu)

Lóðrétt jámbending útveggja: K10 cc 250 mm #. (nema annað sé tekið fram á teikningu)

Jámbending innveggja: K10 cc 250 mm #. (nema annað sé tekið fram á teikningu)

Tengijám í öll steypuskil: K10 cc 250 mm, lengd=600+600=1200 mm.

Bendinet merkt K131 er kaldregið 5 mm slétt stál, með skriðmörk 5600 N/mm².

Bendinet K131 hefur möskvastærðina 150x150 mm.

Skeyting bendineta skal vera 40 x þvermál jáma bendinets.

Steinsteypa í botnplötu: S-200. (sé plata steipt fljótandi innan sökkulveggja)

Steinsteypa í sökkla og útveggi: S-250.

Steypuhula frá útbrún veggja á járn skal vera 30 mm, nema annað sé tekið fram.

Steinsteypa skal uppfylla kröfum 131 gr. byggingareglugerðar.

Sjá einnig mæliblöð.

Sjá einnig frárennslislagin.

SKÝRINGAR.

OFNA- OG NEYSLUVATNSLAGNIR.

Á alla ofna skal setja loftskrúfu, stillitö og sjálfvirka ofnloka.

Pípur ofnalagna eru heildregin svört rör.

Pípur neysluvatnslagna eru galvaniseruð.

Pípur í ofna og neysluvatnslaginir skulu vera í gæðaflokki samsvarandi

DIN 2440. Frágangur lagna skal vera samkvæmt ÍST 67. ÍST 69,1 og

gildandi reglugerða og staðla.

Allar lagnir skal einangra með 20 mm. glerullarhólkum og sívefja með plasti.

Ofnalögn skal þrýstiprófa með 6 kg/cm².

Neysluvatnslaginn skal prófa með 10 kg/cm². þrýstingi.

Þrýstingur á ofnalögn skal standa í 6 kst. án þess að falla.

Þrýstingur á neysluvatnslögn skal standa í 10 kst. án þess að falla.

Lagnir skal leggja við innri brún einangrunar vegna frosthættu.

Leggja skal neysluvatnslaginn þannig að ekki geti átt sér stað uppblöndun milli heita og kaldavatnslagna með einstreymislokum eða með tækjum með

innbyggðum lokum.

Tengigrind hitaveitu skal vera samkvæmt fyrirmælum Hitaveitu Reykjavíkur.

Afrennslí hitaveitu skal vera samkvæmt fyrirmælum Hitaveitu Reykjavíkur.

Frágangur og inntak á köldu vatni skal vera samkvæmt fyrirmælum bæjarveitu.

Þar sem lagnir liggja innan einangrunar má nota ádrag á lagnir.

Ekki má hylja lagnir fyrr en eftir úttekt byggingarfulltrúa.

Skýringar á táknum.

BK baðkar

EV eldhúsvaskur

GK garðkrani

GN gólfniðurfall

GNG gólfniðurfall með gegnumstreymi.

HL handlaug

LP loftpúði

LR loftrás

NF niðurfall

PN pípa fer niður

PU pípa fer upp

SF sandfang

SV skolvaskur

SB sturtubotn

UV uppþvottavél

SN svalaniðurfall

VS vatnssalerni

ÞN þakniðurfall

ÞU þurrkari

ÞV þvottavél

dt.40°C

Túr ofnalagnar.

Retúr ofnalagnar.

Heitt neysluvatn.

Kalt neysluvatn.

Einangrun þaks: 200 mm þakull.

Einangrun útveggja: 100 mm (polystyren, múrhúðað, eða steinull, múrplata).

Einangrun botnplötu: 100 mm (polystyren, 25 kg/m³ eða steinull, grunnplata).

Einangrun uppmeð sökkjum: 100 mm (polystyren, 25 kg/m³ eða steinull, grunnplata).

SKÝRINGAR, FRÁRENNSLISLAGNIR.

Hæðarkótar eru gefnir upp í metrum og á fullfrágengin gólf.

Hæðir eru gefnar upp í botn á rorum. Öll málsetning er gefin upp í mm.

Lagnir skal leggja í samræmi við ÍST 65 og ÍST 68.

Lagnir skulu uppfylla kröfum 196 gr. byggingareglugerðar.

Gólfniðurföll baðherbergja, salernis og geymsluþvotti tengjast frárennslí handlauga og skolvaska.

Nákvæm endanleg staðsetning stúta ákvarðist miðað við þau tæki sem valin verða,

sjá vinnuteikningar arkitekts.

Allar málsetningar skal endurskoða á staðnum.

Tákn.

BK baðkar

SB sturtubotn

VS vatnssalerni

HL handlaug

SV skolvaskur

EV eldhúsvaskur

UV uppþvottavél

ÞV þvottavél

ÞU þurrkari

GNG gólfniðurfall með gegnumrennslí

SF sandfang

BR brunnur

ÞN þakniðurfall

K kóti í botni röra

Gkb kóti á gólf í bilgeymslu

Gk gólfkóti íbúðar

Táknar skólplögn:

Táknar regnvatnslögn:

Táknar regn og drenvatnslögn:

Vatnshalli skal vera að gólfniðurföllum, 10 mm/m.

PVC Táknar Polyvinylchloríð plastiögn.

PP Táknar Polypropylen.

PE Táknar Polyetylène.

St. Táknar steinsteypta lögn.

Heimtaug og inntak kaldavatns skal vera samkvæmt fyrirmælum og reglum Vatnsveitu Reykjavíkur.

Heimtaug og inntak á heitu vatni skal vera samkvæmt fyrirmælum og reglum Orkuveitu Reykjavíkur.

SKÝRINGAR.

TIMBURÞÖK.

Allar málsetningar eru gefnar upp í mm.

Timbur í sperru skal uppfylla flokkunarkröfum K18 (T18) samkvæmt DS 413.

Timbur í veggjagrindur skal uppfylla flokkunarkröfum K18 (T18) samkvæmt DS 413.

Timbur í milligólf skal uppfylla flokkunarkröfum K24(T24) samkvæmt DS 413.

Allar festingar skulu vera heitgalvanhúðaðar.

Stálboltar skulu vera í styrkleikaflokki 8,8.

Allt timbur sem legst að eða í steinsteypu skal fúaverja með víðurkendu fúavarnarefni.

minnst tvær umferðir. Sperruenda skal fúaverja minnst 200 mm innfyrir steypu / timburveggi.

Á milli timburs og steinsteypu skal setja tjörupappa. Allt annað óvaríð timbur skal fúavarið

með víðurkendu fúavarnarefni.

Gengið skal þannig frá loftunargötum inn í þakrymi þannig að snjóþúk komist ekki þar um.

Loftunarrör skulu vera með ásoðni fínnúnu neti og í hvert sperrubili skal setja 2 stk. 40 mm rör.

Frágangur þaks og þakvirkis skal vera í samræmi við 136 gr. byggingareglugerðar.

Timbur og festingar skulu uppfylla kröfum 129 gr. byggingareglugerðar.

Þak skal einangrað með 200 mm þakull.

Ofan á einangrun skal setja vindþéttilag sem ekki er rakaheit. Vindþéttilag skal vera heilt og órofið.

Neðan (innan) við steinullareinangrun skal vera rakavarnarlag, þolplast eða sterkur álþappír.

Rakavarnarlag skal skara um 200 mm á samskeyturn og sett saman á legtum.

Rakavarnarlag skal vera heilt og órofið og allar lagnir skulu vera innan rakavarnarlags.

Þak er heilklaft með 25x150 borðum. Negling hefðbundins bárujáms skal vera 3 stk. 40/75 saumur pr. borð pr. sperru þar sem negling bárujáms kemur.

Annarsstaðar skal negla með 2 stk. 40/75 pr. borð pr. sperru. Við útbrún þaks skal negla öll borð

með 3 stk. 40/75 saum pr. sperru minnst einn meter inn á þakflöt.

Þakjám skal negla samkvæmt fyrirmælum framleiðanda og uppfylla kröfum IST 12-1989 um vindálag.

Í kringum glugga og hurðir og önnur múrop skal setja 2K12. Uppmeð, undir og yfir op og skulu járn

ná 500mm útfyrir op, nema annað sé tekið fram.



Samþykkt þann

19 MAI 2004

Byggingafultrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurbjartur Halldórsson

Sigurbjartur Halldórsson

XXXX XX XX
TEIKNINGU BRÉYFT

FÍFUVELLIR 16

SKÝRINGAR
SKÝRINGAR BURÐARÞOLS OG LAGNA.

S-1

HANNAÐ : . SK TEIKNIAÐ : . SK DAGS : 2004.05.10 MKV : . EFN Í KVARÐA VERNIN : . X

TEIKNISTOFA

STRANDGÖTU 28 220 HAFNARFJÖRÐUR
S.896 4005 / 555 4270 NETF. SVEINKI@MEDIA.IS KT.131247-2069

Sveinn Karlsson 2004.05.17
SVEINN KARLSSON TEIKNIFRÆÐINGUR FTTFÍ